gegn 4% í vöxtu um árið, og með því móti, að helmingur lánsins verði endurgoldinn innan ársloka 1877 og hitt innan ársloka 1878. **105** 26. sept.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, birtingar og frekari ráðstafanar, að framantjeðar tillögur yðar eru hjer með samþykktar, og býst jeg við nánari skýrslu frá yður á sínum tíma um stærð lánsins.

— *Brjef* landshöfðingja *til biskups um* lóðarnám frá prestssetri undir verzlunarhús. — Með brjefi herra biskupsins frá 7. þ. m. meðtók jeg erindi prestsins sira Páls Sigurðssonar á Hjaltabakka, þar sem hann ber sig upp undan því, að 3 kaupmenn hafi fengið útmældar lóðir undir verzlunarhús fyrir sunnan Blönduós í landeign staðarins að Hjaltabakka, þótt engra samninga hafi verið leitað um það við sig, sem umráðanda landsins, og hafi það jafnvel verið gjört í forboði sínu; spyrzt hann fyrir um, hvort lögin frá 15. oktbr. f. á. heimili nefnda útmælingu í forboði þess, er með landið á, og, verði það ofan á, hvort þá sjeu eigi hlutaðeigandi kaupmenn skyldir að bera ábyrgð fyrir allan usla og ágang á land staðarins, er af því hljóti að leiða, eða á hverjum sú ábyrgð eigi ella að lenda. **106** 30. sept.

Út af þessu skal yður, herra biskup, hjer með tjáð það er nú skal greina, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

Með því að með lögum frá 15. oktbr. f. á. er löggiltur verzlunarstaður við Blönduós og leyft að byggja þar sölubúðir, og hafa þar fasta verzlun, með þeim skilyrðum, er til eru tekin í opnu brjefi frá 28. desbr. 1836, mun staðarhaldari að Hjaltabakka ekki geta bannað, að útmælt verði af landi því, er prestakallið á við Blönduós, nægileg lóð fyrir slíkar sölubúðir; en það leiðir bæði af fyrirmælunum í opnu brjefi frá 28. desbr. 1836, og af 50. grein stjórnarskrárinnar, að greiða skal lóðareiganda fullt verð fyrir hinar útmældu lóðir. Þetta verð hefði átt að til taka, þá er lóðirnar voru út mældar; en úr því að hinn setti sýslumaður hefir ekki gætt þessa, getur staðarhaldarinn fengið þetta lagað annaðhvort með því að heimta framhaldsútmælingu, og þá krefjast þess þar, að til sje tekið fast árlegt gjald til prestakallsins af hinum útmældu lóðum, ellegar með því að höfða mál gegn kaupmönnum þeim, er hafa fengið byggingarlóðir útmældar í landi prestakallsins, og fá þá dæmda til að greiða prestakallinu eptir mati óvilhallra manna árlegt gjald fyrir lóðirnar sjálfar og fyrir skaða þann og usla á öðru landi prestakallsins, er leiðir af því, að höfð er þar verzlun.

— *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um* læknisþjónustu í Vestur-Skaptafells, Rangárvalla og Árnes sýslum. — Eptir að jeg hefi meðtekið álit landlæknisins um, hvernig hentugast verði bætt úr læknisskorti í Árness og Rangárvallasýslum, meðan að hjeraðslæknirinn í Vestur-Skaptafellssýslu, Sigurður Ólafsson, sem fyrst um sinn hefir aðsetur sitt í Hörgsdal á Síðu, er settur til að gegna hjeraðslæknisstörfum í nefndum sýslum, hefi jeg í dag lagt fyrir hinn setta hjeraðslækni að ferðast í vetur, sem í hönd fer, um sýslurnar og dvelja í þeim eins og hjer segir: **107** 2. okt.

Októbermánuð verður hann á ferð hjeðan austur í Hörgsdal og hefir þar síðan aðsetur út mánuðinn;

frá 1—9. nóvbr. á ferð frá Hörgsdal vestur á Eyrarbakka;

107 2. okt.

frá 10. nóvbr.—8. desbr. aðsetur á Eyrarbakka;
— 9.—19. desbr. á ferð frá Eyrarbakka austur að Hörgsdal;
— 20. desbr.—19. jan. aðsetur í Hörgsdal;
— 20.—29. janúar á ferð frá Hörgsdal vestur á Eyrarbakka;
— 30. jan.—28. febr. aðsetur á Eyrarbakka;
— 1.—9. marz á ferð frá Eyrarbakka austur að Hörgsdal;
— 10. marz—9. apríl aðsetur í Hörgsdal;
— 10.—19. apríl á ferð frá Hörgsdal vestur á Eyrarbakka;
— 20. apríl—19. maí aðsetur á Eyrarbakka,

og hefir lækninum auk þess verið boðið að dvelja nokkra daga í Rangárvallasýslu á ferðunum milli Eyrarbakka og Hörgsdals, og að birta hjeraðsbúum þessa daga, og á hvaða bœjum hann þá muni vera að finna. Ef landfarsóttir eða aðrar knýjandi ástœður skyldu gjöra það nauðsynlegt að breyta hinni settu áætlun um ferðir læknisins um hjeruðin og dvöl hans þar, ber honum að birta hjeraðsbúum slíkar breytingar sem fyrst.

Þetta er hjer með tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir íbúum hinna nefndu hjeraða, á þann hátt, sem álitinn er hentugastur til þess að það verði almenningi sem kunnugast.

108 12. okt.

— *Skýrsla* amtmannsins yfir suður- og vesturumdœminu *til landshöfðingja um árangur af ráðstöfunum gegn fjárkláðanum.* — Hjer með leyfi jeg mjer virðingarfyllst að skýra herra landshöfðingjanum frá, hvernig ástatt hefir verið með heilbrigðisástand sauðfjárins á hinu svo kallaða kláðagrunaða svæði, síðan jeg sendi herra landshöfðingjanum hinar síðustu almennu skýrslur mínar, dagsettar 16. og 22. marz þ. á.

Hinu sama eptirliti og átti sjer stað síðastliðinn vetur var áfram haldið allt þangað til fje var sleppt á fjall; en þrátt fyrir hinar iðulegu skoðanir varð hvergi vart við kláða nema lítinn vott á þrem stöðum, nefnilega í Stardal í Kjalarneshrepp 25. marz, Reynivallaseli í Kjós 24. apríl og Vatnsholti í Grímsnesi 15. júní, og var fjeð vandlega baðað á öllum þessum stöðum og nákvæmar varúðarreglur við hafðar.

Til að varna því, að fje úr Borgarfjarðarsýslu í sumar kœmist út fyrir takmörk hins grunaða svæðis, var skipuð heimavöktun fjárins þar, og til frekari tryggingar settur eptirlitsvörður meðfram Hvítá í Borgarfirði, að nokkru leyti á kostnað jafnaðarsjóðs vesturamtsins. En gæzla fjárins í neðri hluta Borgarfjarðarsýslu var framkvæmd á þann hátt, eptir tillögum lögreglustjórans og með leyfi amtsins, að settur var vörður meðfram Andakýlsá upp í Skorradalsvatn og frá enda þessa vatns suður í Botnsvoga. Einnig var settur vörður við austurtakmörk hins kláðagrunaða svæðis, meðfram Brúará, og þar til fengið leyfi amtsins. Þó ekki væri vitanlegt, að neinstaðar væri kláði í vor, að þeim litla votti undanskildum, sem að ofan er getið, var þó til tryggingar fyrirskipað eitt almennt bað um allt kláðasvæðið, og hefir það eptir skýrslum lögreglustjórans hvervetna fram farið, og það nokkurn veginn vandlega, nema í Borgarfjarðarsýslu, því að auk þess að þar ávallt hefir verið meiri mótspyrna móti böðunum en annarstaðar, svo að valdstjórnin jafnvel hefir orðið að hlutast til um böðin hjá nokkrum fjáreigendum, og fjáreigendur yfir höfuð framkvæmt þau með minni alúð, hefir eptir hinni síðustu skýrslu hins setta lögreglustjóra einn hreppur, nefnilega Hvalfjarðarstrandarhreppur, enn mjög lítið gjört til að hlýðnast fyrirskipunum herra landshöfðingjans í fyrra haust um almennt bað, þrátt fyrir ítrekaðar skipanir.